Norðurland vestra

Mynd 1. Áfoksgeiri við Blöndulón. Sandur frá strandsvæði Blöndulóns fýkur inn yfir gróið land og kæfir gróður. Ljósm. Borgþór Magnússon.

Norðurland vestra nær yfir Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýslu. Svæðið er margbreytilegt og flatamál þess alls er um 13.250 km², þar af er Vestur-Húnavatnssýsla 3.090 km², Austur-Húnavatnssýsla 4.560 km² og Skagafjarðarsýsla um 5.600 km².

Húnavatnssýslur

Vestur-Húnavatnssýsla er um 3.090 km² að stærð (með Bæjarhreppi hinum forna) og nær frá mörkum við Strandabyggð við Bitrufjörð, suður á Tvídægru og Arnarvatnsheiði, en austurmörk eru um Gljúfurá og Víðidalsfjall. Stærsti þéttbýlisstaðurinn er Hvammstangi en einnig eru þéttbýliskjarnar á Borðeyri og Laugarbakka í Miðfirði.

Víðáttumikið láglendi er upp frá sjó í Vestur-Húnavatnssýslu og víða eru flóar á djúpum jarðvegi. Suður af byggðinni eru víðáttumikil heiðalönd og má þar nefna Staðarhreppsafrétt sem er afréttur Hrútfirðinga og einn best gróni afréttur landsins, Aðalbólsheiði, Arnarvatnsheiði og Víðidalstunguheiði. Mörg stöðuvötn og flóar eru á heiðunum en á þurrlendi afréttanna er viðkvæmur, uppskerulítill móajarðvegur. Á hálendinu norðan jökla hefur orðið alvarleg jarðvegseyðing og þar eru víða auðnir og rofsvæði. Aðaljarðvegur er mýrarjarðvegur á malar- og sandbornum grunni og móajarðvegur er líka algengur. Meðalársúrkoma árin

Héraðssetur

Héraðssetur Landgræðslu ríkisins fyrir Norðurland vestra er á Sauðárkróki. Það hóf starfsemi sína árið 1996, þá á Hólum í Hjaltadal, og var þar til ársins 2010. Frá árinu 2002 hefur verið þar héraðsfulltrúi í fullu starfi. Starfssvæði héraðssetursins er Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla. Helstu verkefni eru umsjón með verkefnunum *Bændur græða landið* og *Varnir gegn landbroti*, beitar- og gróðureftirlit og ráðgjöf þar um á starfssvæði setursins. Ennfremur framkvæmd og eftirlit með landnýtingarþætti *Gæðastýringar í framleiðslu sauðfjárafurða*. Héraðssetrið hefur einnig yfirumsjón með framkvæmd *Gæðastýringar í hrossarækt* í samráði við Félag hrossabænda. Unnið er í samstarfi við sveitarstjórnir, landeigendur, sjálfboðaliða, áhugamannafélög og félagasamtök.

Mynd 2. Rofabörð í Svartárdal í Skagafirði. Ljósm. Bjarni Maronsson.

1961-1990 á Barkarstöðum í Miðfirði var 475 mm.

Helsta atvinnugrein í sýslunni er landbúnaður, aðallega sauðfjárrækt. Fjöldi sauðfjár í sýslunni árið 2014 var tæplega 30.000 á vetrarfóðrum og fjöldi hrossa um 4.500. Ferðaþjónusta og önnur þjónusta fer vaxandi.

Austur-Húnavatnssýsla er um 4.560 km^2 að stærð og nær frá Gljúfurá og Víðidalsfjalli, suður að Langjökli og Hofsjökli, nærri vatnaskilum á Kili, úr Blágnýpu í Hofsjökli eftir Eyvindarstaðaheiði norður yfir Vatnsskarð, Staðarafrétt og norður Skagaheiði í Skagatá. Stærsti þéttbýlisstaðurinn er Blönduós, en auk þess er þéttbýli á Skagaströnd.

Víðáttumikið láglendi er upp frá sjó í Austur-Húnavatnssýslu og víða eru flóar og flæðimýrar á djúpum jarðvegi. Austast er láglendi Skaga og Skagaheiði, sunnar taka við eyðidalir og afréttarlönd austan Refasveitar, Langadals og Svartárdals. Vestan Blöndu er fjalllendi mun minna hlutfall svæðisins en austan hennar. Helstu fjöll eru Svínadalsfjall, Vatnsdalsfjall og Víðidalsfjall. Þessi fjöll ná yfir 700 m h.y.s. Suður af byggðinni eru víðáttumikil heiðalönd og eru helst Haukagilsheiði, Grímstunguheiði, Auðkúluheiði og hluti af Eyvindarstaðaheiði. Mörg stöðuvötn og flóar eru á heiðunum, einkum vestan til, en á þurrlendinu er viðkvæmur, uppskerulítill móajarðvegur. Á hálendinu norðan jökla og á Kili hefur orðið alvarleg jarðvegseyðing og þar eru víða auðnir og rofsvæði. Aðaljarðvegur er mýrarjarðvegur á malar- og sandbornum grunni og móajarðvegur er líka algengur. Meðalársúrkoma árin 1982-2001 á Blönduósi var 485 mm.

Helsta atvinnugrein í sýslunni er landbúnaður, aðallega sauðfjárrækt, en fjöldi sauðfjár á vetrarfóðrum var árið 2014 um 36.000 og fjöldi hrossa um 6.000. Sjávarútvegur er nokkur en smáiðnaður, ferðaþjónusta og önnur þjónusta fer vaxandi.

Sveitarfélög. Vestur-Húnavatnssýsla er eitt sveitarfélag en í Austur-Húnavatnssýslu eru fjögur sveitarfélög:

Húnaþing vestra (3.090 km^2) nær yfir alla Vestur-Húnavatnssýslu. Skráðir þátttakendur í *Bændur græða landið* árið 2014 voru 24 talsins. Helsta landgræðslusvæðið er Sigríðarstaðasandur í Vesturhópi.

Húnavatnshreppur (3.830 km^2) er vestasta sveitarfélag austursýslunnar og nær frá sýslumörkum við Vestur-Húnavatnssýslu og yfir allt svæðið austur að Blöndu að undanskildum Blönduósbæ. Einnig tilheyrir Bólstaðarhlíðarhreppur hinn forni Húnavatnshreppi, en það er syðsti hluti sýslunnar austan Blöndu. Skráðir þátttakendur í *Bændur græða landið* árið 2014 voru 26 talsins. Helstu landgræðslusvæði eru Þingeyrasandur, Auðkúluheiði og Hálsaland, Rugludalur og Eyvindarstaðaheiði, vestan afréttargirðingar.

Blönduóssbær (180 km^2) nær yfir talsvert svæði

um miðbik héraðsins beggja vegna Blöndu. Skráðir þátttakendur í *Bændur græða landið* árið 2014 voru fjórir talsins. Eitt landgræðslusvæði er í Blönduóssbæ, á Sölvabakka.

Sveitarfélagið Skagaströnd (50 km^2) liggur um miðbik vesturstrandar Skaga og klýfur í tvennt Skagabyggð sem liggur norðan og sunnan Skagastrandar. Ekkert landgræðsluverkefni er í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Skagabyggð (500 km^2) nær yfir mestan vesturhluta Skagans. Sveitarfélagið er sameinað úr tveimur smærri hreppum, Vindhælishreppi og Skagahreppi. Skráðir þátttakendur í *Bændur græða landið* árið 2014 voru fjórir talsins. Ekkert landgræðslusvæði er í Skagabyggð.



Mynd 3. Frostlyfting. Mikil frostlyfting tefur uppgræðslu þar sem hún getur komið í veg fyrir að gróður nái að festa rætur. Ljósm. Sigþrúður Jónsdóttir.

Gróðurvernd og endurheimt vistkerfa. Árið 2014 voru 24 bændur í Húnaþingi vestra skráðir þátttakendur í verkefninu *Bændur græða landið* og fjögur bú tóku þátt í landnýtingarþætti *Gæðastýringar í hrossarækt*. Helsta uppgræðslusvæðið er á Sigríðarstöðum. Þar hefur verið landgræðslugirðing frá árinu 1958, en að öðru leyti eru ekki um formleg gróðurverndar- eða vistheimtarverkefni að ræða í sýslunni. Engar náttúrulegar skógarleifar finnast í V-Húnavatnssýslu.

Árið 2014 voru 34 bændur í Austur-Húnavatnssýslu skráðir þátttakendur í verkefninu *Bændur græða landið* og fimm bú tóku þátt í landnýtingarþætti *Gæðastýringar í hrossarækt*. Helstu uppgræðslusvæði eru á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðum og á Þingeyrasandi. Í sýslunni eru lítilsháttar náttúrulegar skógarleifar í Hrútey í Blöndu, Víðihólma í Vatnsdalsá og Landsendahvammi í Blöndugili.

Lítið er um alvarleg rofvandamál í Vestur-Húnavatnssýslu. Þó eru víða jarðsilssvæði í hlíðum og rofdílasvæði í þungbeittum hrossahólfum. Afréttir í sýslunni eru vel grónir og lítið um alvarlegt rof. Undantekning er syðsti hluti Víðidalstunguheiðar, sem telst til Stórasands. Þar eru melar ríkjandi, að hluta til nokkuð sendnir og rofabarðasvæði.

Í Austur-Húnavatnssýslu er lítið um alvarleg rofvandamál á láglendi. Líkt og í Vestur-Húnavatnssýslu eru þó víða jarðsilssvæði í hlíðum og rofdílasvæði í hrossabeitarhólfum. Gróðurlendi á sumum svæðum í sýslunni eru því viðkvæm og fylgjast þarf grannt með þróun gróðurfars og jarðvegsrofs. Afréttir sunnan byggðar eru yfirleitt vel grónar norðan til en stór, samfelld rofsvæði eru þegar sunnar dregur. Stærstu rofsvæðin eru á Stórasandi sunnan Grímstunguheiðar, sunnan til á Auðkúluheiði og sunnan og austan til á Eyvindarstaðaheiði.

Rofsvæði. Rofsvæðum er raðað eftir sveitarfélögum og forgangsraðað í þrjá flokka eftir því hve brýnt er metið að ráðist sé í aðgerðir til að stöðva rofið og loka landinu, þ.e. mjög brýnt, brýnt og ekki brýnt. Við forgangsröðunina er, auk rofs, metið hvernig aðgengi er að svæðinu, hvernig yfirborð þess er m.t.t. þess hvernig er að fara um svæðið og hversu hátt það liggur yfir sjó. Þessir þættir eru metnir eftir kvarða sem nær frá 1 til 5, þar sem 1 er best (ekkert/lítið rof, gott aðgengi, auðvelt yfirferðar o.s.frv.), en 5 er verst (mjög mikið rof, mjög erfitt aðgengi o.s.frv.). Í meðfylgjandi flokkunartöflum kemur þessi flokkun fram, nafn svæðis og stærð og eignarhald, þ.e. hvort svæði er í einkaeigu (E), ríkiseign, þar með taldar þjóðlendur (R) eða eigu sveitarfélags (S). Hverri töflu fylgja kort sem sýna legu svæðisins.

Helstu rofsvæði í Húnavatnssýslum

Tafla 1. Húnaþing vestra (sjá kort 1)

Forgangsflokkun: **Brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Sigríðarstaðasandur	1.290	4-5	1	1-2	1	E



Kort 1. Valin rofsvæði í Húnaþingi vestra sbr. töflu 1. Sigríðarstaðasandur.

Tafla 2. Húnavatnshreppur (sjá kort 2-3)

Forgangsflokkun: **Mjög brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Þingeyrasandur	2.650	4-5	1	1	1	E
Eyvindarstaðaheiði	11.680	3-4	2-3	2-3	4-5	R

Tafla 3. Húnavatnshreppur (sjá kort 3)

Forgangsflokkun: **Brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Rugludalur	4.220	3-4	3	2-3	4	S
Fossabrúnir	360	3	1-2	2-3	4	S
Auðkúluheiði	10.840	3-4	2-3	2-3	5	R
Eyvindarstaðaheiði, vestan afréttargirðingar	9.780	3-4	2-3	2-3	5	R

Mynd 4. Sigríðarstaðasandur. Stórt sandsvæði þar sem uppgræðsla hefur reynst erfið vegna sandfoks frá fjöru. Ljósm. Bjarni Maronsson.

Tafla 4. Húnavatnshreppur (sjá kort 3)

Forgangsflokkun: **Ekki brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Auðkúluheiði	1.140	3	3	3	4	R



Kort 2. Valin rofsvæði í Húnavatnshreppi sbr. töflu 2. Þingeyrasandur.



Kort 3. Valin rofsvæði í Húnavatnshreppi sbr. töflur 2-4. Auðkúluheiði, Eyvindarstaðaheiði vestan afréttargirðingar, Rugludalur og Fossabrúnir.



Mynd 5. Alvarlegt dílarof á Rugludalsbrúnum. Aðgerða er þörf svo ekki skapist frekari rofhætta. Ljósm. Elín Fjóla Þórarinsdóttir.

Landbrot. Landbrot af völdum fallvatna er víða í báðum sýslunum og hefur Landgræðslan unnið að vörnum gegn landbroti við allar helstu árnar. Má þar nefna Hrútafjarðará, Miðfjarðará og Víðidalsá í Vestur-Húnavatnssýslu, en landbrot er víða við þessar ár, einkum Miðfjarðará. Í Austur-Húnavatnssýslu er landbrot við Vatnsdalsá og víða við Blöndu auk þess sem minna landbrot er við aðrar ár. Landbrot er einnig víða við fallvötn á afréttum en þeim er aðeins sinnt í undantekningartilfellum.
Landnýting. Beitarálag hefur öldum saman verið mikið í Húnavatnssýslum. Héraðið er að stærstum hluta snjólétt og oft koma langir þurrviðrakaflar á sumrin. Jarðir eru margar víðlendar og grasgefnar. Tíðkast hefur mikil útbeit sauðfjár og hrossa á vetrum á láglendi og á afréttum. Beitarálag hefur því lengi verið mikið og gróðurlendi m.a. rýrnað af þeim sökum. Á síðustu áratugum hefur sauðfé fækkað og vetrarbeit hætt. Á sama tíma hefur hrossum fjölgað en jafnframt dregið úr vetrarbeit þeirra vegna aukinnar útifóðrunar. Beitarálag nú er því víðast hóflegt. Þó má finna jarðir sem eru ofsetnar hrossum, ýmist einstök beitarhólf eða stóran hluta jarða. Við mat á ástandi upprekstrarheimalanda og afrétta vegna *Gæðastýringar í sauðfjárrækt* árið 2004 þurfti hvergi að gera landbóta- og landnýtingaráætlanir fyrir einstakar bújarðir. Landbóta- og landnýtingaráætlun var gerð fyrir Eyvindarstaðaheiði í tengslum við gæðastýringuna. Beitarálagi er stýrt á ýmsum afréttum með ákvörðunum um bann eða takmörkun á hrossaupprekstri, upprekstrartíma að vori og haustgöngum. Einnig eru dæmi um að beitarálagi sé dreift með hólfaskiptingu afrétta og slóða- og brúargerð til að auðvelda bændum að fjölga og dreifa þeim stöðum þar sem sauðfé er sleppt í upprekstri.

Eitt landshlutaverkefni í skógrækt er starfrækt á Norðurlandi, Norðurlandsskógar. Starfssvæði þess er frá Vestur-Húnavatnssýslu og austur í Norður-Þingeyjarsýslu. Innan vébanda Norðurlandsskóga eru um 160 jarðir.

Skagafjarðarsýsla

Skagafjarðarsýsla er um 5.600 km^2 og að vestan eru mörk Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu frá Skagatá í norðri, suður Skagaheiði, Staðarafrétt, yfir Vatnsskarð og þaðan suður til Blágnípu í Hofsjökli. Að austan liggja sýslumörkin um Tröllaskaga norður í Sauðanes. Sauðárkrókur er fjölmennasti þéttbýlisstaður sýslunnar en aðrir þéttbýlisstaðir eru Hofsós, Varmahlíð, Hólar og Steinsstaðir.

Austast er fjallendi Tröllaskaga með djúpum dölum, frá Fljótum í norðri suður til Öxnadalsheiðar. Byggð er í sumum dalanna, einkum neðan til en sunnar eru upprekstrar- og afréttarlönd. Skagafjarðardalir þ.e. Austurdalur, Vesturdalur og Svartárdalur, nefnast dalirnir sem liggja suður frá meginhéraðinu og ná upp til

hálendisins. Aðaljarðvegur láglendis Skagafjarðar er mýrajarðvegur á malar- og sandbornum grunni, þar sem aðalfylgijarðvegurinn er móajarðvegur, 15-100 cm þykkur. Á Skaga og í Hegranesi er móajarðvegurinn þó mun þynnri eða 5-15 cm. Meðfram Héraðsvötnum eru flóar og flæðimýrar algengar og jarðvegurinn víða mjög djúpur.

Jarðvegseyðing er mismikil innan héraðsins. Mikil og alvarleg jarðvegseyðing hefur átt sér stað á hálendinu, einkum norðan Hofsjökuls, þar sem land er víða örfoka og eyðing á sér enn stað. Á láglendi er ástandið mun betra en þó er landið víða viðkvæmt. Viðkvæmustu svæðin eru brattar hlíðar Austur- og Vesturdals, hlutar Tungusveitar, stór hluti Kjálka, sá hluti Langholts sem hæst liggur, svæði í Staðarfjöllum, einkum sunnan til, ysti hluti Sléttuhlíðar, ósasvæði Héraðsvatna og Hegranesið. Meðalársúrkoma árin 1980-2009 á Bergstöðum, þ.e. nyrst á láglendinu var 460 mm.

Skagafjörður er mikið landbúnaðarhérað. Á árinu 2013 nam mjólkurframleiðsla í sýslunni um 10% af landsframleiðslu. Fjöldi sauðfjár á vetrarfóðrum var um 41.500 og fjöldi hrossa um 8.000. Aðrar helstu atvinnugreinar í sýslunni eru sjávarútvegur, ýmiss konar iðnaður, ferðaþjónusta og önnur þjónusta.

Í Skagafirði eru tvö sveitarfélög:
Sveitarfélagið Skagafjörður (4.150 km^2) nær yfir Skagafjarðarsýslu, að undanskildum Akrahreppi. Skráðir þátttakendur í Bændur græða landið voru 70 árið 2014. Helstu landgræðslusvæði eru Garðssandur, Borgarsandur og Hafragilsgirðing. **Akrahreppur** (1.450km^2) liggur austan Héraðsvatna í suðausturhluta sýslunnar. Skráðir þátttakendur í *Bændur græða landið* voru 12 árið 2014. Ekkert landgræðslusvæði er í Akrahreppi.

Gróðurvernd og endurheimt vistkerfa. Í Skagafjarðarsýslu tóku 82 bændur þátt í verkefninu *Bændur græða landið* árið 2014 og átta bú tóku þátt í landnýtingarþætti *Gæðastýringar í hrossarækt*. Þá styrkti *Landbótasjóður Landgræðslunnar* eitt uppgræðsluverkefni í Skagafirði árið 2014. Á nokkrum jörðum, einkum á Skaga, hefur lúpínu verið sáð í stór, samfelld rofsvæði. Náttúrlegar skógarleifar finnast á nokkrum stöðum í Skagafirði. Þær helstu eru í Klónskógi í Hrollleifsdal, 80-90 ha í 80-250 m h.y.s. og í Austurdal þar sem eru þrjú svæði, í Fögruhlíð, 30 ha í 380-500 m h.y.s., í Löngubhlíð, 60 ha í 500-560 m h.y.s. og í Stórahvammi, 25 ha. Þar er talinn hæsti fundarstaður birkis á Íslandi í 620 m h.y.s. Víðar má finna skógarleifar þó í minna mæli sé.

Mynd 6. Garðssandur. Uppgræðslusvæði við sjó þar sem unnið er að stöðvun sandfoks með lífrænum efnum. Ljósm. Áskell Þórisson.

Rofsvæði. Rofsvæðum er raðað eftir sveitarfélögum og forgangsraðað í þrjá flokka eftir því hve brýnt er metið að ráðist verði í aðgerðir til að stöðva rofið og loka landinu, þ.e. mjög brýnt, brýnt og ekki brýnt. Við forgangsröðunina er, auk rofs, metið hvernig aðgengi er að svæðinu, hvernig yfirborð þess er m.t.t. þess hvernig er að fara um svæðið og hversu hátt það liggur yfir sjávarborði. Þessir þættir eru metnir eftir kvarða sem nær frá 1 til 5, þar sem 1 er best (ekkert/lítð rof, gott aðgengi, auðvelt yfirferðar o.s.frv.), en 5 er verst (mjög mikið rof, mjög erfitt aðgengi o.s.frv.). Í meðfylgjandi flokkunartöflum kemur þessi flokkun fram, nafn svæðis og stærð og eignarhald, þ.e. hvort svæði er í einkaeigu (E), ríkiseign, þar með taldar þjóðlendur (R) eða eigu sveitarfélags (S). Hverri töflu fylgir kort sem sýnir legu svæðisins.

Í Skagafirði er mikið rof við hálendisbrúnina en á síðustu árum virðist hafa dregið úr virkni rofsins og gróður er sums staðar að skjóta rótum á illa förnu landi. Í dalahlíðum er víða jarðsil og hætt við rofi. Einnig er í hlíðum víða vatnsrof. Rofdílasvæði eru einnig í þungbeittum hrossahólfum. Auk sandsvæða fyrir botni fjarðarins eru stærstu rofsvæðin á Eyvindarstaðaheiði og á Hofsafrétt.

Helstu rofsvæði í Skagafjarðarsýslu

Tafla 5. Sveitarfélagið Skagafjörður (sjá kort 4)

Forgangsflokkun: **Mjög brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Garðssandur	410	4-5	1	1	1	E

Tafla 6. Sveitarfél.Skagafjörður (sjá kort 4 og 5)

Forgangsflokkun: **Brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Litli-Sandur	280	3-4	4	4	5	E
Goðdalafjall	3.080	3-4	3	2-3	5	E
Hafragilsgirðing	270	3	3	5	2	E

Tafla 7. Sveitarfélagið Skagafjörður (sjá kort 4)

Forgangsflokkun: **Ekki brýnt**

Svæði, heiti, lýsing	Stærð, ha	Flokkun				
		Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald
Borgarsandur	40	4	1	1	1	E/S

Kort 4. Valin rofsvæði í Sveitarfélaginu Skagafirði sbr. töflur 5-7. Hafragilsgirðing, Borgarsandur og Garðssandur.



Kort 5. Valin rofsvæði í Sveitarfélaginu Skagafirði sbr. töflu 5. Litlisandur og Goðdalafjall.

Landbrot. Landbrot af völdum fallvatna er víða í Skagafirði. Langmest landbrot er af völdum Héraðsvatna og þar hefur víða verið unnið að vörnum gegn landbroti í meir en hálfa öld, fyrst af Vegagerðinni og svo síðar einnig af Landgræðslunni. Enn er þó mörgum verkefnum ólokið. Af öðrum ám með miklu landbroti má nefna Svartá, Húseyjarkvísl, Staðará (Sæmundará), Hjaltadalsá og Flókadalsá.

Landnýting. Beitarálag hefur öldum saman verið mikið í Skagafirði. Héraðið er að stærstum hluta snjólétt. Þar hefur víðast verið þéttbýlt og mikil útbeit sauðfjár og hrossa á vetrum. Beitarálag hefur því lengi verið mikið og gróðurlendi m.a. rýrnað af þeim sökum. Á síðustu áratugum hefur sauðfé fækkað og vetrarbeit hætt. Á sama tíma hefur hrossum fjölgað en jafnframt dregið úr vetrarbeit þeirra vegna aukinnar útifóðrunar. Þó eru jarðir sem eru ofsetnar hrossum, ýmist einstök beitarhólf eða stór hluti jarða. Við mat á ástandi upprekstrarheimalanda og afrétta vegna *Gæðastýringar í sauðfjárrækt* árið 2004 þurftu níu sauðfjárbú að gera landbóta- og landnýtingaráætlanir vegna þess að beitarlönd þeirra stóðust ekki kröfur gæðastýringarinnar. Landbóta- og landnýtingaráætlanir voru gerðar fyrir Hofsafrétt og Eyvindarstaðaheiði. Beitarálagi er stýrt á ýmsum afréttum með ákvörðunum um takmörkun á hrossaupprekstri, upprekstrartíma að vori og haustgöngum. Einnig eru dæmi um að beitarálagi sé dreift með hólfaskiptingu afrétta og slóða- og brúargerð.

Eitt landshlutaverkefni í skógrækt er starfrækt á Norðurlandi, Norðurlandsskógar. Starfssvæði þess er frá Vestur-Húnavatnssýslu og austur í Norður-Þingeyjarsýslu. Innan vébanda Norðurlandsskóga eru um 160 jarðir.

Heimildir:

Akrahreppur. *Aðalskipulag Akrahrepps* 2010-2022. Júní 2010. TPZ ehf.
Björn Jóhannesson 1960. *Íslenskur jarðvegur*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
Húnaþing vestra. *Aðalskipulag 2002 – 2014.* 7. maí og 22. júní 2002.
Ólafur Arnalds, Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson og Arnór Árnason 1997. J*arðvegsrof á Íslandi.* Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Sveitarfélagið Skagafjörður. *Aðalskipulag Skagafjarðar 2004 –2016.* 3. tillaga, 23. maí 2004.
Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004 – 2016, 19. maí 2005.

Einnig voru notuð margvísleg gögn Landgræðslunnar, upplýsingar frá einstökum starfsmönnum hennar, landeigendum, sveitarstjórnarfólki og öðrum staðkunnugum.